

**454. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, fimmtudaginn 25. apríl 2013
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Aðalsteinn Magnússon Varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Fjarverandi voru Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir og Birna Benediktsdóttir. Í þeirra stað sátu fundinn Guðni Ólafsson og Aðalsteinn Magnússon.

Varaoddviti kannaði athugasemdir við fundarboðun og svo var ekki.

Dagskrá:

1. 1304004F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 77

Hreppsnefnd staðfestir fundargerð skólanefndar og samþykkir að hefja vinnu við gerð sandkassa og göngustígs við leikskólann. Samþykkt samhljóða.

2. 1304044 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og undirstofnanna fyrir árið 2012

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans lagður fyrir síðari umræðu, ásamt áritun óháðs endurskoðanda. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi frá KPMG fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu.

Helstu lykiltölur eru að heildartekjur A og B hluta voru 240.846 þús.kr. og rekstrargjöld 228.833 þús. kr. Niðurstaða rekstrar hjá samstæðu án fjármagnsliða er því jákvæð um 12.013 þús. kr. Niðurstaða að teknu tilliti til fjármagnsliða er jákvæð 3.221 þús. kr. Gert var ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu rekstrar í fjárhagsáætlun að upphæð 14.641 þús.kr. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og Auðunni þakkaðar greinargóðar skýringar.

Veltufé frá rekstri var 17.800 þús kr. og handbært fé 764 þús. kr. Eigið fé var í árslok 175.939 þús. og hækkar um 352 þús.kr á milli ára. Eigið fé og skuldir eru samtals 338.487 þús. kr. og greinast skuldir sem hér segir langtímaskuldir 113.358 þús. kr. og skammtímaskuldir eru 49.194 þús.kr., þar af eru næsta árs afborganir langtímalána 14.039 þús.kr. Tekið var lán að upphæð 25.000 þús.kr. á árinu til fjármögnunar á fjárfestingum ársins sem voru 24.193 þús.kr.

Rekstrartekjur skiptust með eftirfarandi hætti: Skatttekjur voru 110.345 þús.kr samanborðið við 110.620 þús.kr samkvæmt fjárhagsáætlun. Framlög úr Jöfnunarsjóði voru 69.470 þús.kr samanborðið við 67.100 þús.kr. í fjárhagsáætlun. aðrar tekjur voru 61.031 þús samanborði við 75.768 þús.kr í fjárhagsáætlun.

Rekstargjöld skiptast sem hér segir: Laun og launatengd gjöld 89.364 þús. kr samanborði við 93.252 þús kr í fjárhagsáætlun. annar rekstarkostnaður er 128.972 þús.kr. samanborði við 150.248 þús.kr. í fjárhagsáætlun.

Afskriftir voru 10.496 þús.kr. samanborðið við 11.773 þús.kr í fjárhagsáætlun.

Undirritað staðfestingarbréf stjórnenda lagt fram og lesið.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnanna hans 2012 borinn upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .
